

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. júní 2007 í máli nr. S-310/2006:

Ákærvaldið

(Bjarni Stefánsson lögreglustjóri)

gegn

Bárði Guðmundssyni

(Stefán Þórarinn Ólafsson hrl.)

I

Mál þetta, sem þingfest var 6. desember 2006 og dómtekið 6. þessa mánaðar, er höfðað af lögreglustjóranum á Blönduósi 17. nóvember 2006 á hendur Bárði Guðmundssyni, fæddum 5. september 1953, til heimilis að Miðbrekku 5, Ólafsvík „fyrir fiskveiðibrot, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 2. ágúst 2005, sem skipstjóri á línubátnum Kristni SH-112, skipaskrárn. 2560, sem er 11,2 brúttórúmllestir og 11,35 m að mestu lengd, verið að línuveiðum á friðuðu svæði inn af Reykjafjarðaráli á Húnaflóa. Eftirfarandi staðarákvarðanir voru gerðar af varðskipinu Tý:

Kl. 03:17 SH-112: r/v 122,4° og fjarlægð 4,37 sjóml.

Staður varðskips: 66°24,652'N – 021°24,072'V

Gefur þetta stað bátsins um 3,0 sjóml. innan lokaða svæðisins.

Kl. 04:22 SH-112: r/v 045,6° og fjarlægð 0,17 sjóml.

Staður varðskips 66°22,939'N – 021°20,278'V

Gefur þetta stað bátsins um 2,2 sjóml. innan lokaða svæðisins.

Kl. 04:28 SH-112 r/v 026,2° og fjarlægð 0,24 sjóml.

Staður varðskips 66°22,908'N – 021°19,900'V

Gefur þetta stað bátsins um 2,3 sjóml. innan lokaða svæðisins.

Kl. 04:42 SH-112 r/v 077,4° og fjarlægð 0,17 sjóml.

Staður varðskips 66°22,993'N – 021°18,980'V

Gefur þetta stað bátsins um 2,5 sjóml. innan lokaða svæðisins.

Kl. 05:34 SH-112 r/v 128,4° og fjarlægð 0,17 sjóml.

Staður varðskips 66°22,646'N – 021°15,535'V

Gefur þetta stað bátsins um 3,1 sjóml. innan lokaða svæðisins.

Afli bátsins reyndist; 193 kg af óslægðum þorski, 158 kg af óslægðri ýsu, 18 kg af óslægðum steinbíti og 14 kg af óslægðri keilu.

Telst þetta varða við 2. tl. 2. gr. sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 809/2002, um friðunarsvæði við Ísland og 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. og 2. og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 79/1997, á andvirði þess afla sem fékkst með ólögmatum hætti, samtals kr. 54.065,- auk áfallinna vaxta, en fjárhæðin var haldlögð af embættinu og lögð inn á bankareikning. Jafnframt er krafist upptöku andvirðis veiðarfæra kr. 8.000,- en það voru 8 línubjóð sem voru notuð við hinar ólögmatu fiskveiðar.”

II

Málavextir

Samkvæmt skýrslu Landhelgisgæslu Íslands var varðskipið Týr við eftirlit á Húnaflóa hinn 2. ágúst 2005. Í ratsjá varðskipsins sást skip inni á svæði sem lokað var fyrir línu- og togveiðum. Staðsetningar skipsins og varðskipsins eru þær sem í ákæru greinir. Klukkan 03:17 sáu varðskipsmenn skip á ratsjá á þeim stað sem getið er með þessari tímasetningu í ákæru. Um klukkan 04:00 kallar Kristinn SH-112 í varðskipið í gegnum talstöð og gaf upp staðsetningu á sér sem var nærri þeirri staðarákvörðun sem fyrst var gerð. Spurði skipstjórinn eftir punktum í hólfinu jafnframt því sem hann gaf upp þá punkta sem hann vann eftir. Um klukkan 04:50 fóru tveir úr áhöfn varðskipsins um borði í Kristinn SH-112 og lauk áhöfn Kristins SH við að draga línuna klukkan 05:34 og þá var gerð staðarákvörðun sem að framan er getið. Gerð var áætlun um afla bátsins sem fékkst á 25 bala af línu.

Klukkan 05:36 var skipstjóra Kristins SH tilkynnt að hann hefði verið staðinn að meintum ólöglegum línuveiðum inni á lokuðu svæði. Jafnframt var honum tilkynnt að skýrsla yrði send sýslumanninum á Blönduósi þar sem mál hans yrði tekið fyrir. Í Landhelgisgæslunnar kemur einnig fram að skipstjóra hafi verið veitt heimild til að leggja 32 bala sem eftir voru um borð fyrir utan lokaða svæðið en þá var honum gert skylt að halda þeim afli aðskildum frá þeim afli sem fengist hafði við hinar meintu ólöglegu veiðar. Í skýrslunni kemur enn fremur fram með hvaða tækjum mælingar voru gerðar og hvaða skipverjar varðskipsins önnuðust mælingarnar. Ákærði hefur ekki rengt staðsetningar sem fram koma í ákæru og er því ekki ágreiningur um þær.

III

Framburður fyrir dómnum

Ákærði kvaðst hafa vitað til þess að bátar höfðu verið að veiðum á þessu svæði síðustu dagana fyrir þetta atvik og hann hafi tekið stefnuna þangað. Hann kvaðst hafa vitað að Klóin RE var þarna úti að draga línu og tók stefnuna í átt að henni og ætlaði að vera með sína línu sunnan við hann. Þegar hann kom á svæðið hafi hann byrjað að leggja línuna jafnframt því sem hann hafi reynt að hafa samband við skipstjórann á Kló RE til að koma í veg fyrir að hann legði sína línu yfir hans. Þegar hann var búinn að leggja þrjú til fjögur bjóð hafi hann séð tvö skip í radarnum. Á þessum tíma hafi Sigurður skipstjóri á Klónni svarað honum. Hann kvaðst ekki muna alveg hvað þeim fór á milli en það hafi strax komið fram hjá honum að hann var á leið í land í fylgd varðskips. Í framhaldi af þessu hafi hann kallað í varðskipið og spurt hvort að hann væri þá hugsanlega innan landhelgismarka að leggja sína línu. Varðskipsmenn hafi þá beðið hann um að hætta að leggja og hinkra við á meðan haft væri samband við stjórnstöð. Hann hafi þá beðið í um það bil hálf klukkustund en þá hafi komið kall frá varðskipinu og honum gert að draga línuna strax inn og það hafi hann gert. Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega hver samskipti hans við varðskipið voru en hann hafi viljað ganga úr skugga um hvort hann væri að veiðum í lokuðu hólfi líkt og Klóin. Eftir að hann var búinn að draga línuna hafi hann spurt hvort honum væri heimilt að ljúka róðrinum og það hafi verið í lagi. Hann hafi fengið upplýsingar hjá varðskipinu um punkta sem hann þurfti að fara suður fyrir til þess að komast út úr hólfinu.

Ákærði kvaðst hafa verið búinn að afla sér upplýsinga um það hjá heimamönnum á Skagaströnd hvernig þetta reglugerðarhólf væri. Þegar hann kom norður til veiða í fyrsta sinn fyrir tveimur árum fyrir þennan atburð hafi hann á leiðinni kynnt sér hvernig reglugerðarhólf væru hérna fyrir norðan en hann hafi vitað að hólf væru lokuð fyrir línuveiðum, bæði norður af horni og svo þetta í Húnaflóa. Hann hafi því lesið sér til um það í sjómannaalmanakinu hvernig hólfið væri en þar hafi verið gefnir upp að hann taldi 7 punktar sem hann hafi dregið línu á milli en síðan hafi ekkert meira verið sagt um það nema að það hafi verið klausa að neðan sem að sagði að þetta væri 12 mílur frá grunnlínupunkti. Hann hafi ekki verið með það á hreinu hver þessi grunnlínupunktur væri þannig að hann hafi haft samband við Reykjavíkur radio. Þar hafi honum verið sagt að betra væri fyrir hann að hafa samband við Landhelgisgæsluna sem hann hafi gert. Þar hafi hann talað við mann

sem að hafi ekki skilið þetta frekar en hann, það er að segja hvernig suðurhliðin á þessu hólfi væri afmörkuð og maðurinn hafi sagt að hann myndi hringja aftur en það hafi hann ekki gert. Hann hafi því einfaldlega dregið þessa línu frá 7. punkti í 1. punkt og áætlað sem svo að það hljóti að vera það sem þeir séu að meina með þessari klausu þarna undir öllum punktunum sem þeir gefa upp í lengd og breidd í almanakinu, að það sé lína sem liggja 12 mílur frá grunnlínupunkti. Það hafi ekki komið fram í reglugerðinni hverjir þessir grunnlínupunktar væru. Þegar hann síðan kemur á Skagaströnd hafi hann rætt við menn um þetta hólf. Um borð til hans hafi komið skipstjórar á svæðinu til dæmis Sigurjón Guðbjartsson og Árni bróðir hans. Þá hafi Sævar Hallgrímsson einnig komið og einhverjir fleiri. Þeir hafi skoðað hvernig hann merkti hólfið í tölvunni í bátnum og þeir hafi þá sagt að þetta væri rétt hjá honum. Þessir menn hafi allir stundað veiðar á þessu svæði um árabil. Hann kvaðst hafa talið að honum væri óhætt að treysta þessum upplýsingum rétt eins og aðkomumenn á Breiðafirði, þar sem hann stundi jafnan veiðar, geti treyst því að upplýsingar sem heimamenn þar gefa um reglugerðarhólf séu réttar. Ákærði kvaðst halda að þegar hann kom til veiða á svæðinu fyrst á árinu 2002 hafi hann verið með hólfið stærra og sennilega réttara. Heimamenn hafi hins vegar sagt honum að þetta væri ekki rétt og hann hafi farið að þeirra ráðum.

Ákærði kvaðst halda að staðarákvarðanir sem gefnar eru upp séu réttar.

Vitnið Sigurður Steinar Ketilsson skipherra bar að stýrimaður á varðskipinu hefði tilkynnt honum að skip væri inni í friðuðu svæði sem oft er kallað Reykjarfjarðarálsvæðið. Hann hafi þá strax farið upp í brú og byrjað að mæla með stýrimönnunum. Fyrst hafi þeir séð eitt skip þarna og síðan annað. Síðan hafi komið í ljós að Kló RE var að draga línu og mælingar hafi leitt í ljós að skipið var á lokuðu svæði. Um svipað leiti hafi þeir séð annað skip inni í hólfinu en þar hafi Kristinn SH verið á ferð. Þeir hafi þá snúið sér að Kristni RE og staðsett hann og í framhaldi af því sent menn um borð. Vitnið bar að ákærði hafi talið sig vera fyrir sunnan hið friðaða svæði en það hafi ekki reynst rétt. Hann sagði að það hefði verið einhver misskilningur í gangi um útsetningu á þessu svæði en það væri alveg ljóst í reglugerðinni að gefin eru upp 7 hnit og síðan afmarkast suðurhluti svæðisins af 12 mílum skv. lögum nr. 79/1997, sem eru lögin um heimild til veiða innan lögsögunnar, og það sé ekki hægt að setja það svæði út með hniti, það verði að setja út, annaðhvort með hring í „plotterinn“, eða í sjókort með hringfara og draga línur á milli þessara viðmiðunarpunkta eins og lögin mæli fyrir um. Vitnið kvaðst enga skýringu geta gefið á því hvers vegna þessi leið er farin við afmörkun hólfsins að sunnanverðu í stað þess að setja einfaldlega inn áttunda punktinn með hniti eins og alla hina og loka þannig hólfinu. Vitnið bar að í hans huga segi það sig bara sjálft hvaða punkta sem getið er í 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skuli nota til að draga línur úr á þessu svæði þrátt fyrir að þeirra sé ekki getið í reglugerð.

Vitnið Hjalti Skarphéðinn Kristinsson sjómaður kvaðst vera með svokölluð 30 tonna réttindi og hafa róið frá Skagaströnd frá árinu 2001. Hann kvaðst hafa lesið reglugerðina varðandi þetta hólf en ekki skilið hana og m.a. fengið stýrimann á togara, sem sé mun meira menntaður en hann, til að aðstoða sig en hann hafi heldur ekki skilið þessa reglugerð. Af þeim sökum hafi hann ásamt fleirum í rúm tvö ár reynt að fá upplýsingar um þetta hólf. Þeir hafi ári áður en atvik þessa máls áttu sér stað eytt hálfum degi í að hringja eftir upplýsingum. Þeir hafi hringt í Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu og Landhelgisgæsluna og alls staðar fengið þau svör að þeir gætu verið á þeim stað sem ákærði var við veiðar. Þeir hafi verið að

reyna að fá úr því skorið hvort draga ætti línu á milli lausu punktanna því hólfíð endi ekki á neinum punkti og því vanti endapunkturinn á það. Niðurstaða þeirra hafi að endingu verið sú að þeim hafi ekki verið sagt að bannað væri að veiða á þessu svæði. Vitnið taldi sig hafa fengið skýr svör um þetta. Vitnið greindi frá því að nokkrum dögum fyrir þennan atburð hafi hann verið í sambandi við Fiskistofu í þeim tilgangi að fá mann þaðan með sér inn í hólfíð. Hann hafi spurt um staðsetningu og fengið hana og ekki gert neinar athugasemdir. Taldi vitnið að þessi starfsmaður Fiskistofu hefði annaðhvort hringt í hann eða látið vita ef starfsmaðurinn hefði talið að um ólöglegar veiðar væri að ræða. Vitnið taldi að samtal hans við starfsmann Landhelgisgæslunnar (endurrit samtalsins er meðal gagna málsins) bendi eindregið til þess að maðurinn hafi verið óhæfur til að sinna sínu starfi þar sem hann hafi ekki getað útskýrt hvernig þetta umrædda hólf er afmarkað. Vitnið kvað menn hafa fiskað í þessu hólf í fleiri, fleiri ár óáreittir en samt hafi þeir kannað stærð þess á hverju ári. Hann kvaðst halda að hann hefði fyrst veitt þarna á árinu 2001. Vitnið kannaðist við að hafa gefið ákærða þær upplýsingar að heimilt væri að veiða á þessu svæði.

Vitnið Sævar Rafn Hallgrímsson sjómaður var dómkvaddur til að meta til verðs veiðarfæri Kristins SH. Vitnið staðfesti matsgerð sína. Vitnið bar að ákærði hefði fengið upplýsingar hjá honum varðandi hið friðaða hólf. Hann kvaðst hafa sagt honum hvernig sjómenn á Skagaströnd hefðu starfað við þetta hólf og hann sagt honum að þeir miðuðu við línu dregna úr punkti 7 í punkt 1 en þannig sé þetta í öllum siglingabókum og Sjómannaalmanakinu. Vitnið bar að fjórum til fimm mánuðum áður en þetta gerðist hefði hann hringt í Landhelgisgæsluna í þeim tilgangi að spyrjast fyrir um hvernig þetta hólf væri. Þeir hafi ekki getað útskýrt það betur en svo að honum hafi verið gefið símanúmerið hjá Sigurði Steinari skipherra. Sigurður Steinar hafi sagt honum að hólfíð væri eins og fram kemur á blaðinu sem hann afhenti ákærða. Vitnið bar að hann hafi líkt og aðrir sett punktana sem gefnir eru upp í reglugerðinni inn í GPS-tæki og þannig hafi hann fengið út hvernig hólfíð ætti að vera og þetta hafi allir aðrir sem þarna réru gert. Vitnið kvaðst hafa röið í þetta hólf frá því eftir árið 2000 og það hafi enginn vitað um þennan áttunda punkt.

Vitnið Jón Ebba Björnsson, varðstjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands, átti samtal við vitnið Hjalta Kristinsson en útskrift af því samtali er meðal gagna málsins. Vitnið kvaðst í fyrstu ekki hafa áttað sig á því hvaða hólf Hjalti átti við en honum hafi ekki þótt spurningar Hjalta nægilega markvissar. Vitnið kvaðst hafa verið með tvær reglugerðir í huga þegar hann var að reyna að átta sig á því hvaða hólf var verið að spyrja um og hann hafi boðist til að senda þær báðar til spyrjandans með faxi en hann hafi ekki haft tæk á að taka við þeim. Vitnið kvaðst ekki hafa heimild til að gefa upp ákveðna punkta þegar svona háttar til heldur sé honum eingöngu heimilt að lesa upp þá punkta sem getið er í reglugerð og síðan að reyna að koma reglugerðunum til spyrjenda ef því er að skipta. Vitnið mundi ekki eftir mörgum hólfum sem eru með sama hætti og þetta umrædda hólf, þ.e. að reikna þurfi út einn punkt hólfisins en hinir séu gefnir upp í reglugerð.

IV

Niðurstaða

Af hálfu ákærða var því haldið fram við flutning málsins að reglugerðin sem vísað er til í ákæru hafi ekki verið sett með stjórnskipulegum hætti þar sem ekki

hafi verið leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en hún var sett og þá sé reglugerðin ekki í þeim búngi sem hún var upphaflega. Ekki verður fallist á þessi rök ákærða. Í 9. gr. nefndra laga nr. 79/1997 segir að áður en ákvarðanir séu teknar samkvæmt greininni skuli að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt þessu er ekki skylt að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar, auk þess liggur fyrir að Hafrannsóknastofnun gerði tillögu á árinu 1993 um að svæði í Reykjarfjarðaráli yrði lokað með reglugerð. Því liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar um lokun á svæðinu og skiptir þá ekki máli þótt það sé ekki nákvæmlega hið sama og stofnunin mælti með.

Ákærði byggði vörn sína einnig á því að refsheimildir þær sem vísað er til í ákæru séu ekki nægilega skýrar og þar af leiðandi geti þær ekki verið grundvöllur refsingar. Umrætt hólfi er eins og áður hefur komið fram afmarkað með sjö punktum sem tilgreindir eru í reglugerð nr. 809/2002. Í reglugerðinni segir síðan: „Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.“ Ætlast verður til af skipstjórnarmönnum að þeir kanni áður en veiðar hefjast hvort veiðar eru heimilar á viðkomandi svæði. Við lestur 2. tl. 2. gr. nefndrar reglugerðar nr. 809/2002 má sjá að hinu friðaða svæði er lokað að sunnan með ákveðnum hætti og ber reglugerðin með sér að svæðinu verður ekki lokað með því að draga línu úr punkti 1 í punkt 7 líkt og ákærði gerði. Leggja verður til grundvallar að til að finna áttunda punktinn og loka þar með hinu friðaða hólfi að sunnanverðu hafi við lestur 2. tl. 2. gr. nefndrar reglugerðar sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997 legið fyrir að draga varð línur úr Horni, Selsskeri og Ásbúðartjörn, enda ekki um aðra punkta að ræða í lögum nr. 79/1997 til að miða við á þessu svæði. Verður því ekki fallist á með ákærða að reglugerðin hafi verið svo óskýr að hún geti ekki orðið grundvöllur refsingar í málinu.

Í máli þessu er ekki deilt um staðsetningu á bát ákærða, Kristni SH, þegar skipverjar á varðskipinu Tý höfðu afskipti af honum. Í 15. gr. laga nr. 79/1997 segir að brot gegn lögnum varði viðurlögum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Af framburði ákærða verður augljóslega ráðið að um ásetning var ekki að ræða af hans hálfu. Kemur því til skoðunar hvort háttsemi hans verði metin honum til gáleysis. Ákærði hefur haldið því fram að hann hafi verið í góðri trú um að honum hafi verið heimilt að veiða með línu á þessum stað. Með framburði vitna sem að framan er rakinn telst sannað að sjómenn á Skagaströnd, en þaðan réri ákærði á þessum tíma, hafi veitt á þessu svæði jafnvel í áraðir og talið það heimilt. Vitnin báru að þau hafi ásamt fleirum reynt að fá úr því skorið hvernig ætti að loka hólfinu og hefðu ásamt fleirum reynt að afla upplýsinga um það. Vitnið Sævar Rafn bar að í öllum siglingabókum og Sjómannaalmanakinu sé hólfinu lokað með því að draga línu úr punkti 1 í punkt 7 eins og þeir hafi gert. Hann kvaðst hafa hringt í Landhelgisgæsluna til að fá upplýsingar en þar hafi hann ekki fengið aðrar útskýringar en þær að best væri að hringja í vitnið Sigurð Steinar skipherra. Við mat á því hvort ákærði sýndi af sér gáleysi í umrætt sinn verður að meta hvort hann hafi í raun gert það sem ætlast má til af honum sem góðum og gegnum skipstjóra varðandi upplýsingaöflun um hið títtnefnda hólfi. Áður er þess getið að reglugerðin sem segir til um hvernig hólfið er afmarkað telst ekki svo óskýr að þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna ákærða. Hins vegar er ljóst að hún er alls ekki skýr því ekki verður með neinum hætti ráðið hvers vegna 8. punkturinn er einfaldlega ekki merktur með hniti eins og aðrir punktar reglugerðarinnar. Er hún þannig í raun villandi. Fram hefur komið að sjómenn á Skagaströnd skildu hana einfaldlega ekki

og báru vitni að þau ásamt fleirum hefðu mikið reynt til að fullvissa sig um afmörkun hólsins. Ákærði kom til Skagastrandar og þar var honum sagt hvernig heimamenn hefðu róið í hólfíð í allmörg ár. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa skilið reglugerðina almennilega. Fyrir liggur að ákærði hafði af fyrra bragði samband við varskipið umrædda nótt, eftir samtal við skipstjórann á Kló RE sem þá var á leið í land vegna meintra ólöglegra veiða, í þeim tilgangi að kanna hvort hann gæti hugsanlega verið að veiðum í lokuðu hólfí. Bendir þetta eindregið til þess að ákærði hafi talið að honum væru heimilar veiðar á þessum stað.

Í ljósi trúverðugs framburðar vitna fyrir dóminum þess efnis að ákærði hafi fengið hjá þeim upplýsingar um afmörkun hólsins jafnframt því sem honum var tjáð að þarna hefðu heimamenn stundað veiðar árum saman og þess að reglugerðin er langt frá því að vera skýr um afmörkun hólsins verður það ekki metið ákærða til gáleysis að hafa verið á veiðum á þeim stað og stund sem í ákæru greinir. Verður hann því sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber að sýkna ákærða af kröfu ákæruvaldsins um upptöku á andvirði afla og veiðarfæra.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði. Samkvæmt yfirliti rannsóknara er sakarkostnaður við rannsókn málsins 3.900 krónur. Til viðbótar þessum kostnaði eru málsvarnarlaun Stefáns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns en þau þykja hæfilega ákveðin 124.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun málsvarnarlauna er tekið tillit til þess að samhliða máli þessu var rekið annað samkynja mál.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Bjarni Stefánsson, lögreglustjóri á Blönduósi.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Ákærði, Bárður Guðmundsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði er sýkn af kröfu ákæruvaldsins um upptöku andvirðis afla og veiðarfæra.

Sakarkostnaður að fjárhæð 128.400 krónur, þar með talin málsvarnarlaun Stefáns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 124.500 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun innifela virðisaukaskatt.

Halldór Halldórsson.

